

*bœnda*  
FERÐIR

## VESEN Á TENERIFE



**21. – 28. september 2019**  
**Fararstjórn: Einar Skúlason**

Gönguferð  
Spánn

## Ferðalýsing

Við ætlum að lengja sumarið með dásamlegri ferð til Tenerife. Við blöndum saman fjölbreyttum gönguferðum og afslöppun í sólinni fjarri helstu ferðamannastöðum eyjunnar. Við gistum fyrri helming dvalarinnar í **La Laguna** en elsti hluti miðbæjar þessarar gömlu höfuðborgar **Kanaríeyja** er á heimsminjaskrá UNESCO. Þaðan förum við í ferðir um nyrsta og gróðursælasta hluta eyjunnar, göngum á milli lítilla þorpa og sjáum hvernig daglegt líf eyjaskeggja gengur fyrir sig. Seinni helming dvalarinnar færum við okkur á vestari hluta eyjunnar og dveljum í **Los Silos**. Þaðan förum við í dagsferðir í **Teide þjóðgarðinn** og **Masca gljúfrin** og kynnumst jafnframt strandlífinu í þessum fallega bæ. Það er engu líkt að fá sumarauka á þessum tíma árs og kynnst um leið nýjum hliðum þessarar fallegu eyju. Gist verður á 4\* hótélum og búa bæði hótelin yfir heilsulind sem má nýta til að láta líða úr sér eftir skemmtilega göngudaga.

**8 dagar | 7 nætur**

3 nætur La Laguna | 4 nætur Los Silos



### 21. september | Flug til Tenerife

Brottför frá Keflavík kl. 14:15. Mæting í Leifstöð í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför. Lending á Tenerife kl. 20:25. Ekið til borgarinnar La Laguna á norðurhluta eyjunnar og má reikna með að aksturinn taki u.þ.b. klukkustund. La Laguna er þriðja fjölmennasta borgin í eyjaklasanum, með rúmlega 150.000 íbúa. Við gistum 3 nætur á góðu 4\* hóteli í hjarta gamla bæjarins.

### 22. september | La Laguna



Við hefjum daginn á rólegu nótonum og skoðum okkur fyrst um í borginni La Laguna. Borgin er skráð á heimsminjaskrá UNESCO enda má þar finna glæstar kirkjur, klaustur, háskóla og biskupssetur Tenerife. Leiðsögn með heimamanni um borgina mun sýna okkur fjölbreyttar hliðar hennar en borgin er mikil háskólaborg og á sér langa og áhugaverða sögu. Síðar verður svo gengið upp á hásléttu Anaga fjallgarðsins og njótum við þar dásamlegs útsýnis yfir Santa Cruz strandlengjuna. Á göngu okkar um fjallið gætu fjárhirðar orðið á vegi okkar en hæðótt landslagið í efstu hliðunum þykir einkar góður bithagi fyrir fé.

*Göngutími: ca 2 klst.*

*Hækkun: +/- 220 m*

### 23. september | Gönguleið á Anaga fjallinu



Í dag ætlum við í göngu um einstaklega fallett skóglendi við Anaga fjöllin. Gengið verður um stíga gljávíðisskógarins og við upplifum þægilega kyrrðina og drekkum í okkur einstaka náttúrufegurð svæðisins. Inn á milli fáum við óviðjafnanlegt útsýni til allra átta og á vegi okkar verða lítil þorp. Það er ekki að ástæðulausu að þessi sælureitur er á náttúruminjaskrá UNESCO.

*Göngutími: ca 3,5 klst.*

*Hækkun/lækkun: ca +300 m / ca -500 m*

### 24. september | Frjáls dagur/gengið að gistiskálanum á Teide

Í dag fer allur hópurinn saman akandi í átt að Los Silos. Þeir sem ætla að ganga upp á eldfjallið Teide verða skildir eftir við rót fjallsins og ganga upp að skálanum þar sem gist verður í nótt. Þeir sem ekki ætla upp á topp Teide fara áfram á hótelið í Los Silos þar sem er tilvalið að nýta aðstöðuna á hótelinu eða kanna nærumhverfið á eigin vegum. Fyrir þá sem vilja smá hreyfingu væri upplagt að röltu með fram strandlengjunni og kíkja yfir í nágrennabæinn Garachico. Þessi gönguleið er rúmum 6 kílómetrar.



### 25. september | Pico del Teide – hæsti tindur Spánar.

Þeir sem að ætla upp á Teide vakna fyrir sólarupprás og ganga af stað upp á hæsta eldfjall eyjunnar (1380 m hækkun) sem stundum er kallað „þak Spánar“. Hinir geta tekið kláfinn upp snemma um morguninn og gengið lokaspölinn á toppinn (1,5 km og 150 m hækkun). Upp á fjallinu njótum við ógleymanlegs útsýnis og hóparnir verða svo samferða aftur á hótelið. Ef veðurguðirnir koma í veg fyrir ferð upp á þetta skemmtilega fjall verður boðið upp á aðra gönguleið þar sem útsýnið yfir þetta stórskjorna eldfjallalandslag er ekki síðra. *Göngutími: ca 5 klst.*

### 26. september | Candelaria & skúlpúrgarður

Nú verður gengið frá basilíku heilagrar jómfrúar í bænum Candelaria með fram fjölbreyttum strandgróðrinum að Playa de Chimisay eða heilögu ströndinni við Chimisay. Við förum síðan yfir í afar fagan skúlpúrgarð Gernot-Huber stofnunarinnar og sjáum þar ýmis verk úr gossteinum, kaktusum, trjám og fleiru og kynnumst hvernig þessum þýska listamanni tókst á einstakan hátt að búa til bein tengsl á milli skúlpúrs og náttúru. Stórkostlegt útsýnið með fram suðurströnd eyjunnar er ógleymanlegt. Síðdegis höldum við svo á hótél í Los Silos þar sem við gistum síðustu 3 næturnar. *Göngutími: ca 1,5 klst.*



## 27. september | Masca gljúfrin

Við hefjum daginn á siglingu með fram stórfenglegri klettaströndinni, Los Gigantes. Farið verður í ævintýrlega göngu um Masca gljúfrin, sem margir telja eina fallegustu gönguleið Tenerife. Á leið okkar um svæðið er fróðlegt að sjá hvernig náttúran er hægt og rólega að jafna sig eftir mikla skógarelda árið 2007.  
*Göngutími : ca 3,5 klst.*  
*Hækkun: ca + 600 m*




## 28. september | Heimferð

Síðasta daginn er upplagt að nýta í rólegheit, röltu um bæinn og njóta sólarinnar. Brottför með Icelandair frá Tenerife kl. 21:25 og er mæting 2 klst. fyrir brottför. Lent er í Keflavík kl. 01:45 aðfaranótt 29. septembers.

## Hótelin

Fyrstu 3 næturnar er gíst á 4\* hótelinu Laguna Nivaria í La Laguna. Hóтелиð er afar vel staðsett eða í hjarta gamla bæjarhlutans. Herbergin eru öll búin gervihnattasjónvarpi, hárburrku, öryggishólfi, þráðlausu interneti, loftkælingu og litlum ísskáp. Á hótelinu er veitingastaður og kaffibar og auk þess góð heilsulind. Seinni hluta ferðarinnar gistum við á góðu 4\* heilsulindarhóтели í Los Silos. Herbergin eru annað hvort með verönd eða svölum og búin loftkælingu, síma, gervihnattasjónvarpi, þráðlausu neti, öryggishólfi, hárbúnaði og eldhúsaðstöðu með ísskáp. Góð heilsulind er á þessu hóteli; 2 gufuböð, líkamsrækt, spa og 30 metra löng sundlaug svo eitthvað sé nefnt.



## Verð

**249.900 kr. á mann í tvíbýli** | 42.400 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Rútuferðir til og frá flugvelli og samkvæmt dagskrá.
- ✓ Gisting í 7 nætur á góðum 4\* hótelum í tveggja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Kvöldverðir öll kvöldin.
- ✓ Aðgangur að skúlptúrgarði.
- ✓ Ferð með kláfi niður Pico del Teide.
- ✓ Göngudagskrá.
- ✓ Innlend leiðsögn í gönguferðum.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

## Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kostnaður, annar en sá sem talinn er upp undir innifalið.
- ✓ Hádegisverðir og annar tilfallandi kostnaður á göngunum.
- ✓ Þjóf fé.

